

Siglingaklúbburinn Þytur

Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2010





Inngangur

Starfsárið hófst að loknum aðalfundi í janúar. Kosinn var nýr formaður, Gunnar Geir Halldórsson, og bættust við tveir nýjir stjórnarmenn, Andri Örn Jónsson og Gunnar Freyr Gunnarsson. Úr stjórn gegnu, Tryggvi Steini Helgason og Guðmundur Ásbjörnsson.

Formaður	Gunnar Geir Halldórsson
Varaformaður	Gunnar Freyr Gunnarsson
Gjaldkeri	Áskell Fannberg
Ritari	Andri Örn Jónsson
Meðstjórnendur	Guðmundur R. Magnússon Hallur Helgason Ragnar Hilmarsson

Vetrarstarf

Vetrarstarf síðasta starfsárs var með hefðbundnu sniði. Kænudeild hittist reglulega, oftast þrisvar í viku og var með æfingar þegar veður leyfði en var þess á milli að ditta að bátum, lesa reglur, æfa þrekæfingar, siglingatækni og gera klárt fyrir sumarið. Hörður Guðmundsson leiddi vetrarstarfið hjá krökkunum. Að vanda hittust menn á laugardagsmorgnum og byrjuðu daginn á kaffi og spjalli. Þegar menn höfðu góða nennu var tekið í hamar og dittað að hinu og þessu í húsinu. Félagsmenn eru með tvo báta í smíðum í húsinu sem ættu að vera klárir fyrir sumarið ef vel gengur.

Sumarstarf

Sumarstarfið byrjaði í apríl með því að SÍL (ISAF) var með námskeið fyrir þjálfarana okkar. Þrír þjálfarar fóru á námskeiðið, Jón Vignir Daníelsson, Hörður Guðmundsson og Andri Helgason.

Námskeið og æfingar:

Fastur og stór liður í sumarstarfi klúbbsins eru siglinganámskeið fyrir börn og unglinga. Fyrsta námskeið sumarsins hófst þann 8. júní og því síðasta lauk þann 31. júlí. Hvert námskeið stóð í 2 vikur og voru þau bæði fyrir og eftir hádegi. Aðsókn á námskeiðin var ekki jafn góð og 2007 og 2008, sem bæði voru met ár, 145 börn sóttu námskeið til okkar.

Gunnar Freyr Gunnarsson var ráðinn forstöðumaður, með honum störfuðu Jón Vignir Daníelsson, Hörður Guðmundsson, Andri Helgason og Baldvin Ómarsson (Skrifstofustjóri). Einnig störfuðu 8-10 krakkar á vinnuskólaaldri við ýmis störf.

Jón Vignir Daníelsson, Hörður Guðmundsson og Andri Helgason skiptu á milli sín þjálfuninni síðastliðið starfsár.

Mótahald sumarsins:

Siglingaklúbburinn Þytur hélt tvö mót á liðnu sumri, þau voru:

- Opnunarmót kjölbáta laugardaginn 15. maí. Keppt var frá Reykjavíkurböfn til Hafnarfjarðar. Sigld var stórskipaleið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Aðstæður voru góðar og setti áhöfnin á Ísmolanum nýtt hraðamet, 1:37:50.
- Lokamót kæna átti að halda 4. september í Hafnarfirði. Margir þátttakendur voru skráðir til keppni og sumir komir langan veg með báta sína. Keppendur mættu og brautin var lögð en vegna veðurs varð því miður að slá keppni af.



- Haldin voru nokkur innanfélagsmót fyrir kænusiglara.

Formaður keppnissjónar var Friðrik Hafberg og á hann miklar þakkir skildar fyrir gott mótahald í sumar. Með honum unnu Guðmundur Ásmundsson og Daníel Helgason og fleiri. Í landi var það svo oftast Ásta Torfadóttir sem sá um að allt gengi snurðulaust fyrir sig.

Ekki er hægt að setja fram skýrslu stjórnar án þess að geta þeirra áfalla sem við urðum fyrir árið 2009 og þurfti að vinnu úr 2010. Klárað var að gera við mótörinn á nýja gæslubátinum sem bræddi úr sér. Keypt var ný vél í mótörinn frá USA og sá umboðsaðilinn um að setja hana í. Við fengum m.a. styrk frá Íþróttasjóði Ríkisins vegna þessa tjóns. Eins var klárað að gera við þernu eftir áreksturinn. Enn á þó eftir að ganga frá rafkerfinu en því verður vonandi lokið fyrir vorið.

Framkvæmdir

Endurbætur á búningssklefunum 2009 og viðgerðir á bátunum fóru langt með framkvæmdasjóð félagsins þannig lítið var gert í framkvæmdum í húsinu á liðnu starfsári. Hafnarfjarðarhöfn setti niður flotbryggju fyrir framan húsið. Stjórn félagsins fundaði oft með Hafnarstjóra og hans mönnum til að reyna finna aðra lausn því þessi staðsetning þrengir mjög að aðstöðu fyrir kænusiglara. Eftir marga fundi þar sem leitað var að betri lausn á flotbryggjum í höfninni, samþykkti stjórn klúbbsins að sett yrði bryggja fyrir framan félagsheimilið en 10 m fjær rampanum. Þessi staðsetning á bryggjunni kallar á að það verður annað hvort að færa bryggjuna eða útbúa nýjan ramp. Tillaga að útfærslu er á meðfylgjandi mynd.



Lóðarmál:

Stjórn Þyts hefur sótt um lóðina að Strandgötu 86 og er það komið í farveg.

Lokaorð

Ég vil þakka öllum þeim, sem að þessu starfi komu, kærlega fyrir þeirra framlag fyrir Siglingaklúbbinn Þyt.

Hafnarfirði 29. janúar 2011.

Fyrir hönd stjórnar, Gunnar Geir Halldórsson